



**Formáli
forseta Íslands
Guðna Th. Jóhannessonar
að ljósmyndabók
eftir Max Milligan**

19. september 2018

Er hægt að draga upp mynd af heilli þjóð? Heilu landi? Í ræðu og riti reynum við, sem gegnum áhrifastöðum í samfélaginu, gjarnan að hampa því sem sameinar okkur, íbúa þessa lands. Við ræðum um megindrætti, uppruna, menningararf og sameiginlega hagsmuni sem eiga að efla okkar samtakamátt. Samt er það svo að aldrei verður til ein endanleg saga, ein arfleifð og ein framtíðarsýn. Tæmandi mynd verður aldrei dregin upp.

Við erum eins ólík og árstíðirnar fjórar. Landið skiptir líka um lit og svip eftir því hvar sólin er á himinhvolfinu. Með myndum sínum tekst Max Milligan að fanga þessa fjölbreytni í fólkinu og landinu. Um leið sýnir hann okkur þó að það er eitthvað sem sameinar okkur, íbúa þessa lands, eitthvað sem er einstakt við Ísland. Já, þrátt fyrir allt er það meira sem sameinar okkur en það sem sundrar okkur. Hitt er líka víst að sólin kemur alltaf upp á ný, hversu hátt eða lágt sem hún skín, með birtu fyrir ljósmyndarann að leika sér með. Og saman getum við notið afrakstursins, vetur, sumar, vor og haust.